

L Ö G

7

24. marz

um breyting á lögum nr. 42/1943, um dýrtíðarráðstafanir.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Á eftir 4. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Verð það á landbúnaðarafurðum, sem ákveðið er af nefndinni, skal teljast meðalverð, sem ekki raskar ákvörðunum um mismunandi verð til framleiðenda innan mjólkurverðjöfnunarsvæða samkvæmt lögum nr. 1 frá 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma, og breytingum á þeim lögum, nr. 66 frá 1937, né ákvæðum um misjafnt verð innan einstakra vöruflokka samkvæmt þeim reglum og ákvörðunum um gæðamat, sem gilda á hverjum tíma.

Gjört í Reykjavík, 24. marz 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.

L Ö G

8

24. marz

um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 58 7. maí 1940 og nr. 52 30. júní 1942.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. Á eftir 5. tölul. 1. gr. laga nr. 44 1932 komi nýr liður:

Suður-Snæfellsneshérað: Miklaholtshreppur, Staðarsveit, Breiðavíkurhreppur.

Íbúar í Miklaholtshreppi eiga þó jöfnum höndum tilkall til héraðslæknisins í Stykkishólmshéraði.

2. Úr 6. tölul. (Ólafsvíkurhérað) falli burt orðin „Staðarsveit, Breiðavíkurhreppur“.
3. Úr 7. tölul. (Stykkishólmshérað) falli burt orðin „og Miklaholtshreppur“.
4. Á eftir 8. tölul. (Dalahérað) kemur:

Íbúar Skarðs- og Klofningshreppa eiga þó jöfnum höndum tilkall til héraðslæknis í Stykkishólmi.

2. gr.

- a. Úr 20. tölul. 1. gr. sömu laga falli burt orðin „og Óspakseyrarhreppur“, og úr 21. tölul. falli burt orðin „og Bæjarhreppur í Strandasýslu“.